

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Alur Álvinnsla (áður Kratus ehf.) Hvalfjörður



Dags eftirlits	24.11.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Alur Álvinnsla (áður Kratus ehf.)	Eftirlitsmaður	Sigríður Kristinsdóttir
Heimili	Klafastaðavegi 4	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4307002270	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Brynja Silness	ÍSAT nr.	3832
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	64,355088 -21,788370

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik voru sett fram við eftirlit nú en opin eru fimm frávik er varða geymslu á saltköku og útblástur frá starfsemi rekstraraðila.

### UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit í Al álvinnslu á Grundartanga. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Staða frávíka
- Meðferð gjallsands/saltköku (gr. 3.3 í starfsleyfi)
- Endurvinnsla gjallsands / saltköku (gr. 3.16)
- Skráningar, sbr. gr. 4.1
- Kynningar frá Umhverfisstofnun, sbr. viðhengi
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Starfsleyfi Als álvinnslu var fyrst gefið út árið 2012 og breytt og uppfært haustið 2022. Í eftirliti nú var farið yfir stöðu allra frávíka sem sett hafa verið frá útgáfu starfsleyfisins árið 2012. Á tímabilinu hafa verið sett fram 28 frávik, þar af er 23 frávikum lokið og fimm frávik eru enn opin er varða geymslu saltköku og útblástur. Rætt var í eftirliti um þær úrbætur sem rekstraraðili hefur gert vegna frávikanna og yfirstandandi og fyrirhuguð verkefni vegna opinna frávíka. Rekstraraðili hefur lagt fram tímasetta úrbótaáætlun vegna frávikanna og nokkuð hefur unnist við úrbætur vegna þeirra. Í kjölfar eftirlits nú mun Umhverfisstofnun óska eftir uppfærslu á úrbótaáætlun vegna opinna frávíka.

Rætt var um meðferð gjallsands og saltköku, en sem stendur er saltkaka geymd í gámum á lóðinni að Klafastaðavegi 6 og gjallsandur er fluttur í flæðigryfju Norðuráls. Rekstraraðili fór yfir verkefni sem unnið er að í tengslum við endurvinnslu saltköku og gjallsands. Verkefnið er enn á tilraunastigi en að sögn rekstraraðila gengur verkefnið vel og stefnt er á að vinna niður birgðir af saltköku á næstu misserum sem og að urðun gjallsands í flæðigryfju Norðuráls verði hætt.

Umhverfisstofnun kynnti breytt fyrirkomulag á boðun eftirlits, nýja gjaldskrá stofnunarinnar og gagnagrunn um mengaðan jarðveg.

Farið var í skoðunarferð um athafnasvæði rekstraraðila. Rekstraraðili kynnti vinnslulínu fyrir endurvinnslu saltköku og gjallsands. Skoðuð var lóðin að Klafastaðavegi 6 þar sem rekstraraðili geymir saltköku í gámum. Lóðin er ekki með föstu undirlagi og saltkakan, sem er spilliefni, er í gámum sem margir hverjir eru illa farnir sem og á loftmyndum lítur út fyrir að einhverjir þeirra séu opnir að ofan og því óvarðir gegn veðri og vindum. Mikilvægt að rekstraraðili komi vinnslulínu fyrir saltköku í fulla vinnslu sem fyrst til að hægt sé að vinna niður saltköku af geymslusvæðinu. Ekki var tilefni til athugasemda að öðru leyti.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 11.01.2024

Sigríður Magnúsdóttir